

Héraðsdómur Reykjavíkur

Dómur 16. júní 2021

Mál nr. E-5637/2019:

Brimgarðar ehf.

(Stefán Geir Þórisson lögmaður)

gegn

íslenska ríkinu

(Ólafur Helgi Árnason lögmaður)

Dómur

Mál þetta sem var höfðað með stefnu birtri 16. október 2019, var dómtekið 20. maí 2021. Stefnandi er Brimgarðar ehf., Sundagörðum 10, Reykjavík, en stefndi er íslenska ríkið, Arnarhváli, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru eftirfarandi:

Aðallega að úrskurður ríkisskattstjóra frá 20. desember 2013 um það að fella niður gjald- og skuldfærslu stefnanda á afföllum í skattframtölum 2008-2012 sem tengjast skuldabréfaútgáfu stefnanda árið 2005, verði felldur úr gildi og að úrskurður yfirsattanefndar nr. 279/2015 frá 21. október 2015 í kærumáli stefnanda, verði felldur úr gildi.

Til vara að úrskurði ríkisskattstjóra frá 20. desember 2013 og úrskurði yfirsattanefndar nr. 279/2015 frá 21. október 2015 verði breytt á þann hátt að stefnanda sé heimil gjald- og skuldfærsla verðbóta vegna skuldabréfa sem hann gaf út á árinu 2005 frá tekjuskatti vegna skattskila árána 2008-2012.

Til þrautavara að viðurkennt verði með dómi að honum hafi verið heimilt að gjald- og skuldfæra verðbætur vegna skuldabréfa sem hann gaf út á árinu 2005 frá tekjuskatti í skattframtölum árána 2008-2012.

Þá krefst stefnanda greiðslu málskostnaðar.

Stefndi krefst sýknu af öllum kröfum stefnanda, auk greiðslu málskostnaðar. Stefnandi krefst ekki frávísunar málsins, en í greinargerð er ábending til dómsins um frávísun á vara- og þrautavarakröfu stefnanda.

I

Atvik málsins eru þau að hinn 14. janúar 2005 gaf stefnandi út átta handhafaskuldabréf á íslensku, hvert að nafnverði 200.000.000 króna eða að heildarnafnvirði 1.600.000.000

krónur til Kaupthing S.A. í Lúxemborg. Skuldabréfin voru öll með einn gjalddaga þann 20. janúar 2020 og voru verðtryggð samkvæmt vísitölu neysluverðs, en vaxtalaus. Var handhafa bréfanna heimilt að gjaldfella þau fyrirvaralaust og án uppsagnar við nánar tilgreindar aðstæður. Einn af þáverandi hluthöfum stefnanda, Gísli V. Einarsson heitinn, ábyrgðist með einfaldri ábyrgð greiðslu á ¼ af höfuðstól skuldarinnar, en fram kom að ábyrgð hans næði ekki til greiðslu dráttarvaxta eða innheimtukostnaðar og yrði ekki virk fyrir en á lokadegi bréfanna. Andvirði skuldabréfanna var notað til að ljúka kaupum á jörðunum Móum á Kjalarnesi og Hurðarbaki í Hvalfjarðarsveit, sem stefnandi hefur haft leigutekjur af.

Í skýringum í ársreikningum stefnanda fyrir árin 2007, 2008, 2009, 2010 og 2011 kemur fram að Kaupthing Bank hefði keypt skuldabréf af stefnanda að nafnverði 1.600.000.000 krónur. Með bréfi til stefnanda, dags. 18. febrúar 2013, óskaði ríkisskattstjóri eftir upplýsingum um eiganda bréfanna, þ. á m. upplýsingum um hvenær kröfuhafaskipti hafi átt sér stað ef kröfuhafi væri annar en upphaflegur eigandi. Í svari umboðsmanns stefnanda, dags. 15. mars 2013, segir svo: „Gjaldanda er ókleyft að veita embættinu umbeðnar upplýsingar um það hver sé eigandi skuldabréfanna og getur þar að auki ekki veitt upplýsingar um hvort það sé upphaflegur kaupandi eða ekki.“

Í bréfi ríkisskattstjóra, dags. 26. mars 2013, er ítrekuð beiðni um að stefnandi upplýsi hver sé eigandi skuldabréfanna „í dag“. Í svari umboðsmanns stefnanda, dags. 14. maí 2013, kemur m.a. fram að stefnanda sé ókleyft að veita umbeðnar upplýsingar um eiganda skuldabréfanna „í dag“, hvort það sé upphaflegur eigandi eða hvort þau hafi verið framseld. Gjaldalagi skuldarinnar samkvæmt bréfunum sé 20. janúar 2020 og því alls óvíst að skuldari fái upplýsingar um eiganda krafanna fyrir en nálgast gjalddaga. Þá segir í svari stefnanda að þrátt fyrir að upphaflegum kaupanda sé ekki skylt að veita umbeðnar upplýsingar hafi stefnandi fyrir nokkru sent fyrirspurn til Banque Havilland S.A. í Lúxemborg, sem tók við starfsemi Kaupthing S.A.

Í svari Banque Havilland S.A., dags. 4. desember 2013, sem fylgdi með andmælabréfi umboðsmanns stefnanda, dags. 11. desember 2013, til ríkisskattstjóra kemur fram að bankinn fari með „vörslu“ skuldabréfanna fyrir viðskiptavini sína, en geti ekki, vegna bankaleyndar, upplýst hver/hverjir þeir séu.

Kaupthing Bank, sem var skráður kaupandi á skuldabréfunum, hafði milligöngu um sölu þeirra til þriðja aðila fyrir 342.451.564 krónur.

Gjaldfærð afföll af sölu bréfanna námu samtals 940.116.306 krónum sem stefnandi gjaldfærði í skattskilum sínum gjaldárin 2008-2012 þannig: 147.189.584 krónur gjaldárið 2008, 228.954.646 krónur gjaldárið 2009, 204.640.304 krónur gjaldárið 2010, 157.412.495 krónur gjaldárið 2011 og 201.919.277 krónur gjaldárið 2012. Með úrskurði ríkisskattstjóra voru felld niður í skattskilum stefnanda umrædd gjaldár gjaldfærð afföll af skuldabréfunum. Þá nam lækkun skulda í efnahagsreikningi félagsins

147.189.584 krónum fyrsta árið, 376.144.230 krónum annað árið, 580.784.530 krónum þriðja árið, 738.197.030 krónum fjórða árið og 940.116.310 krónum fimmta árið. Vegna samsköttunar stefnanda með móðurfélaginu, Langasjó ehf., leiddi úrskurður ríkisskattstjóra þó aðeins til gjaldbreytinga hjá Langasjó ehf., sbr. 55. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt.

Í skýringum með ársreikningi stefnanda fyrir rekstrarárið 2007, var þess getið að félagið hefði gefið út skuldabréf til Kaupthing S.A. að nafnverði 1.600.000.000 krónur í janúar 2005 og að skuldabréfin hefðu verið seld miðað við ávöxtunarkröfuna 10,75% og afföllum að fjárhæð 1.254.000.000 króna „dreift m.v. virka vexti“. Bókfært verð skuldarinnar í árslok 2007 næmi 551.000.000 króna. Var sama fyrirkomulag í reikningsskilum stefnanda árin 2008–2011, þ.e.a.s. skuld vegna útgáfu skuldabréfanna var hækkuð sem nam gjaldfærðum afföllum og verðbótum í rekstrarreikningi félagsins. Nam fjárhæð skuldarinnar 710.297.726 krónum í ársreikningi fyrir árið 2008, 854.570.868 krónum í ársreikningi fyrir árið 2009, 971.147.697 krónum í ársreikningi fyrir árið 2010 og 1.131.751.081 krónum í ársreikningi fyrir árið 2011.

Við meðferð málsins hjá skattyfirvöldum lá ekki fyrir hver hefði verið raunverulegur kaupandi bréfanna, en í þinghaldi hinn 29. janúar 2021 lagði stefnandi fram „Samkomulag um greiðslu á skuld“, dags. 1. desember 2020, á milli Eignarhaldsfélagsins Mata hf. og stefnanda, þar sem fram kemur að Eignarhaldsfélagið Mata hf. hafi í desember 2019, eignast öll skuldabréfin átta sem stefnandi gaf út í janúar 2005. Kemur fram í samkomulaginu að eitt bréfanna hafi verið greitt upp á gjalddaga þann 20. janúar 2020 og að bréfið hafi þá staðið í 395.648.250 krónum með verðbótum. Sökum falls á verðbréfamörkuðum vegna Covid-19 faraldursins hafi stefnanda reynst örðugt að greiða upp þau sjö skuldabréf sem eftir stóðu af framangreindri skuldabréfaútgáfu. Gegn því að stefnandi greiddi upp öll sjö skuldabréfin sem enn væru útistandandi fyrir árslok 2020 samþykki Eignarhaldsfélagið Mata hf. að slá af dráttarvöxtum vegna greiðslufalls þannig að heildargreiðsla stefnanda fyrir bréfin sjö yrðu 2.800 milljónir eða 400 milljónir á hvert skuldabréf. Greiðsla fyrir skuldabréfin skuli berast beint inn á reikning Eignarhaldsfélagsins Mata hf., í einni eða fleiri greiðslum. Lagði stefnandi einnig fram ljósrit greiðslukvittana þar sem fram koma umræddar millifærslur, samtals að fjárhæð 2.800 milljónir, frá stefnanda til Eignarhaldsfélagsins Mata ehf., sem inntar voru af hendi 30. desember 2020.

Samkvæmt skráðum upplýsingum frá Skattinum, sem einnig voru lagðar fram í þinghaldi 29. janúar 2021, er eignarhaldsfélagið Mata hf. með lögheimili að Sundagörðum 10, Reykjavík. Raunverulegir eigendur félagsins eru Eggert Árni Gíslason, Halldór Páll Gíslason og Guðný Edda Gísladóttir, sem einnig er skráð sem stjórnarformaður félagsins.

Í kjölfar bréfaskipta á milli stefnanda og ríkisskattstjóra, sbr. bréf ríkisskattstjóra til stefnanda, dags. 18. febrúar, 26. mars og 12. júní 2013 og svarbréf stefnanda, dags. 15. mars, 14. maí og 10. júlí 2013, boðaði ríkisskattstjóri stefnanda fyrirhugaðar breytingar á skattframtölum félagsins með bréfi, dags. 4. nóvember 2013. Var nánar tiltekið boðuð niðurfelling gjald- og skuldfærðra affalla í skattframtölum stefnanda á þeim grundvelli að ráðstafanir félagsins hefðu verið verulega frábrugðnar því sem almennt gerðist í slíkum viðskiptum og engin ástæða til að ætla að til þeirra hefði komið á milli ótengdra aðila. Þar sem fyrirbyggjandi gögn þættu bera með sér að raunverulegur kaupandi skuldabréfanna hafi verið tengdur stefnanda eða eigendum félagsins, útgáfa skuldabréfanna gerð í þeim tilgangi að ná fram verulegum skattalegum sparnaði með gjaldfærslu affalla og stefnandi ekki sýnt fram á réttmæti frádráttar fengi ríkisskattstjóri ekki annað séð en að stefnandi yrði að bera hallann af skorti á upplýsingum um raunverulegan kaupanda skuldabréfanna og afdrif þeirra að öðru leyti.

Stefnandi andmælti boðuðum breytingum með bréfi, sem afhent var ríkisskattstjóra 11. desember 2013. Með andmælabréfinu fylgdi bréf frá Banque Havilland S.A. í Lúxemborg, þar sem fram kemur að bankinn fari með „vörslu“ skuldabréfanna fyrir viðskiptavini sína, en geti ekki vegna bankaleyndar, upplýst hverjir þeir séu.

Ríkisskattstjóri kvað upp úrskurð í málinu 20. desember 2013, þar sem felld voru niður gjaldfærð afföll af skuldabréfunum og skuldfærsla þeirra í skattskilum stefnanda. Taldi ríkisskattstjóri að óheimilt væri að draga afföllin frá skattskyldum tekjum stefnanda, og vísaði í því sambandi til 1. mgr. 1. tölul. 31. gr. og 49. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt, sbr. 1. mgr. 57. gr. sömu laga. Taldi ríkisskattstjóri að raunverulegur tilgangur með viðskiptunum hefði verið að lækka skattgreiðslur stefnanda um ókomin ár og að stefnandi yrði að bera hallann af skorti á upplýsingum um „raunverulegan kaupanda“ skuldabréfanna. Vegna samsköttunar stefnanda með móðurfélaginu Langasjó ehf., leiddi úrskurðurinn einnig til breytinga á opinberum gjöldum hjá því félagi.

Í forsendum úrskurðarins benti ríkisskattstjóri á að umrædd lánveiting virtist endurspegla viðhorf stefnanda til fjármagnskostnaðar, þ.e. að félaginu væri ekki umhugað um að hafa hann sem lægstan. Stefnanda hefðu verið greiddar rúmar 342.000.000 króna fyrir skuldabréf að nafnverði 1.600.000.000 króna. Lánin líktust svokölluðum kúlulánum þar sem þau væru með einni afborgun í lok lánstíma. Lánin væru vísitölutryggð og væri fjárhæð lokagreiðslu þeirra því óljós. Það væri mat ríkisskattstjóra að lánin líktust ekki neinum venjulegum rekstrar- eða fjárfestingarlánum fyrirtækja hér á landi. Þau bæru þess merki að með þeim hefði verið ætlunin að færa allan hagnað af starfsemi stefnanda meira eða minna sem skuld næstu fimmtán árin við skuldareiganda. Stefnandi hefði keypt eignir á árinu 2004 og fengið til þess lán frá tengdum aðila að fjárhæð 818.000.000 króna. Í janúar árið 2005 hefði stefnandi fengið rúmlega

342.000.000 króna greiddar fyrir skuldabréfin. Þar sem fyrrgreind skuld að fjárhæð 818.000.000 króna við tengda aðila hefði verið greidd með þeim fjármunum og þar með lækkuð sem þeirri fjárhæð nam hefði stefnandi með þessum ráðstöfunum farið úr þeirri stöðu að skulda tengdum aðila 342.000.000 króna í að skulda óljósum aðila verðtryggðar 1.600.000.000 króna til að ná fram sömu skuldastöðu á árinu 2005. Á sama ári hefði stefnandi tekið önnur lán sem báru 3,85% vexti til 5,59% vexti og hefði sú lántaka staðið í 565.000.000 króna í árslok 2005. Benti ríkisskattstjóri á að í stað þess að leita eftir fjármögnun þar sem fyrirséð yrði hvaða fjárhæðir yrðu greiddar til baka hefði stefnandi kosið að gera óvenjulega lánasamninga við óljósan lánveitanda þar sem heildarnafnverð skuldar væri tilgreint 1.600.000.000 króna og skyldi höfuðstóllinn vera verðtryggður en vaxtalaus. Síðan hefði orðið að samkomulagi á milli stefnanda og lánveitanda að miða skyldi við hátt í 11% ávöxtunarkröfu án nokkurs tillits til mögulegra breytinga á slíku viðmiði yfir 15 ára lánstíma, en þessa samkomulags væri hvergi getið nema í skýringum með ársreikningi stefnanda. Hefði stefnandi þannig kosið að gera slíkan samning í stað þess að gera verðtryggðan lánsamning upp á 342.000.000 króna og semja um vexti, fasta eða breytilega í takt við almenn vaxtakjör á hverjum tíma, og þar með gera fjármögnunina sem hagstæðasta og fyrirsjáanlegasta.

Stefnandi kærði úrskurðinn til yfirkattanefndar og krafðist þess aðallega að úrskurðurinn yrði ómerktur en til vara að fallist yrði á vaxtagjöld að álitum. Yfirkattanefnd kvað upp úrskurð hinn 21. október 2015, sbr. mál nr. 279/2015. Um meinta annmarka á rökstuðningi og að brotið hafi verið gegn rannsóknarreglu og andmælarétti stefnanda við meðferð málsins hjá ríkisskattstjóra tók yfirkattanefnd fram að ríkisskattstjóra hafi borið að sjá til þess að málið væri nægjanlega upplýst áður en hann tók ákvörðun í því, sbr. 1. mgr. 96. gr. laga nr. 90/2003 og með vísan til rannsóknarreglu 10. gr. stjórnisýslulaga nr. 37/1993. Á grundvelli þessara ákvæða hefði ríkisskattstjóri krafið stefnanda um framlagningu gagna og skýringa með bréfum, dags. 18. febrúar, 26. mars og 12. júní 2013. Í framhaldi af svarbréfum stefnanda, dags. 15. mars, 14. maí og 10. júlí 2013, hafi ríkisskattstjóri með bréfi, dags. 4. nóvember 2013, boðað stefnanda fyrirhugaðar breytingar á skattframtölum félagsins þar sem gerð var grein fyrir þeim meginsjónarmiðum sem réðu mati hans. Í úrskurði sínum hafi ríkisskattstjóri fjallað um athugasemdir stefnanda og tók þar m.a. fram að ekki lægi fyrir af hálfu stefnanda hver væri eigandi skuldabréfanna. Væri afstaða ríkisskattstjóra byggð á því heildarmati að kjör skuldabréfanna hefðu verið óvenjuleg og að til sölu á þeim hefði ekki komið milli ótengdra aðila. Taldi yfirkattanefnd með vísan til þess að ríkisskattstjóri hefði sinnt rannsóknarskyldu sinni með tilhlýðilegum hætti. Þá hafnaði nefndin því að rökstuðningi hefði verið áfátt við meðferð málsins. Þá var því hafnað að við meðferð málsins hafi andmælaréttur stefnanda verið virtur að vettugi. Í boðunarbréfi ríkisskattstjóra hefði komið fram á hvaða lagagrundvelli fyrirhugaðar breytingar væru

byggðar auk þess sem ríkisskattstjóri hefði gert grein fyrir heildstæðu mati sínu á ráðstöfunum stefnanda. Samkvæmt þessu hefðu engir slíkir annmarkar verið á málsmeðferð ríkisskattstjóra er leitt gætu til ógildingar hins kærða úrskurðar, sbr. 4. og 5. mgr. 96. gr. laga nr. 90/2003, sbr. og ákvæði 10., 13. og 22. gr. stjórnisýslulaga nr. 37/1993.

Í forsendum úrskurðar yfirskattanefndar í efnisþætti málsins er lagt til grundvallar að í málinu hafi ekki legið fyrir upplýsingar um kaupanda hinna umþrættu skuldabréfa sem stefnandi gaf út í ársbyrjun 2005 og seldi í kjölfar þess fyrir milligöngu Kaupthing S.A. í Lúxemborg. Ríkisskattstjóri hafi óskað eftir að stefnandi upplýsti um þetta atriði. Í svarbréfi stefnanda, dags. 15. mars 2013, hafi komið fram að ekki væri unnt að veita umbeðnar upplýsingar. Þá hefði Banque Havilland S.A. í Lúxemborg upplýst ríkisskattstjóra með bréfi, dags. 4. desember 2013, að bankinn færi með „vörslu“ umræddra bréfa fyrir hönd viðskiptavina bankans og vegna reglna um bankaleynd í Lúxemborg þyrfti bankinn leyfi viðskiptavina sinna fyrir veitingu frekari upplýsinga. Í úrskurði yfirskattanefndar er vísað til 1. mgr. 1. töluliðar 31. gr. og 49. gr. laga nr. 90/2002. Taldi nefndin ljóst að skilyrði 2. töluliðar 1. mgr. 49. gr. laganna væri ekki fullnægt í tilviki stefnanda þar sem ekki lægju fyrir upplýsingar um kaupanda skuldabréfanna sem félagið gaf út á árinu 2005.

Í forsendum úrskurðarins kemur fram að einkahlutafélagið Brimgarðar ehf. hafi verið stofnað á árinu 2003 í þeim tilgangi að kaupa eignir sem tengdust rekstri Móa ehf. Samkvæmt gögnum málsins væri starfsemi félagsins fólgin í útleigu atvinnuhúsnæðis. Þau ár sem málið varðaði, hafi heildarhlutafé stefnanda verið 10.000.000 króna og ekki hafi verið um að ræða neina launaða starfsmenn hjá félaginu. Við mat á hinum umdeildu ráðstöfunum stefnanda árið 2005 með tilliti til ákvæða 1. mgr. 57. gr. laga nr. 90/2003 bæri að miða við það sem almennt gerðist í rekstri hliðstæðra fyrirtækja, einkum með tilliti til stærðar, umsvifa og eðlis rekstrar. Síðan segir svo í niðurstöðum nefndarinnar:

Útgáfa [stefnanda] á hinum umþrættu skuldabréfum árið 2005 fól í sér verulega og ófyrirsjáanlega skuldsetningu félagsins til langs tíma, enda nam heildarnafnverð bréfanna og þar með höfuðstóll skuldar [stefnanda] fjárhæð sem við útgáfu skuldabréfanna nam 1,6 milljarði íslenskra króna. Söluandvirði bréfanna í hendi [stefnanda] nam hins vegar einungis rúmlega 340 milljónum íslenskra króna. Skuldabréfin, sem um ræðir, voru vaxtalaus og án nokkurra trygginga að undanskilinni takmarkaðri ábyrgð eins stjórnarmanns í félaginu sem auk þess varð ekki virk fyrr en á gjalddaga skuldabréfanna á árinu 2020. Kjör og önnur ákvæði í skuldabréfunum voru þannig án vafa ólík því sem almennt gerðist í lánsviðskiptum hliðstæðra fyrirtækja á greindum tíma. Þykja fram komnar upplýsingar um sölu skuldabréfanna fyrir milligöngu Kaupthing S.A. hafa

takmarkaða þýðingu í þessu sambandi, enda verður [stefnandi] að bera hallann af skorti á upplýsingum um raunverulegan kaupanda bréfanna og afdrif þeirra að öðru leyti eins og atvikum er háttað. Verður ekki annað séð en að atvik málsins séu í öllum meginatriðum sambærileg atvikum í málum sem til umfjöllunar voru í fyrrnefndum úrskurðum yfirkattaneftndar nr. 261 og 263/2003 og dómi Hæstaréttar Íslands 9. febrúar 2006 í málinu nr. 321/2005 (H 2006:519) vegna áþekkrar skuldabréfaútgáfu. Verður að fallast á það með ríkisskattstjóra að tilgangur með umræddum ráðstöfunum hafi fyrst og fremst verið sá að skapa [stefnanda] svigrúm til gjaldfærslu fjármagnskostnaðar til frádráttar skattskyldum tekjum félagsins á komandi árum.

Var það niðurstaða yfirkattaneftndar að þegar hin umdeildu viðskipti stefnanda með skuldabréf árið 2005 væru virt í heild sinni þætti ekki leika neinn vafi á því að þau væru verulega frábrugðin því sem almennt gerðist í viðskiptum. Taldi nefndin að fallast bæri á það með ríkisskattstjóra að meginregla 1. mgr. 57. gr. laga nr. 90/2003 tæki til ráðstafana stefnanda og því væri kröfu stefnanda um að úrskurður ríkisskattstjóra yrði felldur úr gildi hafnað.

Í gögnum málsins liggur fyrir samningur á milli stefnanda og Kaupthing Bank Luxembourg S.A., dags. 8. janúar 2005 um „kaup“ á átta skuldabréfum, útgefnum 14. janúar 2005, hvert að nafnverði 200.000.000 króna. Samningurinn er á íslensku, og í honum er gerð grein fyrir kaupum og kjörum á hinum umþrættu skuldabréfum og tekið fram að um samninginn gildi íslensk lög og að varnarþing vegna samningsins sé í Reykjavík. Í samningi kemur m.a. fram að seljandi muni opna vörslureikning hjá kaupanda og veita kaupanda veð í honum til tryggingar á efndum skuldabréfanna.

Í gögnum málsins liggur einnig fyrir greiðslustaðfesting til stefnanda frá Kaupthing Bank Luxembourg S.A., dags. 20. janúar 2005, um greiðslu 342.451.564 króna fyrir skuldabréfin. Neðst í henni er sérstaklega tekið fram að afrit af henni hafi verið send viðkomandi aðilum.

Við aðalmeðferð málsins gaf Hlynur Sigurðsson löggiltur endurskoðandi skýrslu vitnis.

II

1. Helstu málsástæður og lagarök stefnanda

Stefnandi byggir á því að úrskurðir skattyfirvalda hafi ekki lagastoð og séu byggðir á röngum forsendum og rangri lögskýringu. Engu máli skipti hver hafi verið eigandi skuldabréfsins sem stefnandi gaf út á árinu 2005. Kaupthing í Lúxemborg hafi verið „kaupandi“ skuldabréfanna og fram hjá þeirri staðreynd horfi skattyfirvöld. Ráðstöfun bréfanna eftir það hafi enga þýðingu. Skuldabréf séu viðskiptabréf sem gangi kaupum

og sölu á almennum markaði. Stefnandi telji að það nægi að nafn kaupanda, þ.e. Kaupthings í Lúxemborg komi fram á skuldabréfinu. Skilyrði 2. töluliðar 1. mgr. 49. gr. laga nr. 90/2003 sé því fullnægt.

Stefnandi byggir einnig á því úrskurðir skattyfirvalda séu í andstöðu við meginreglur stjórnisýsluréttar. Röksemdir stefnanda hafi ekki fengið viðunandi umfjöllun og þar með hafi verið brotið gegn andmælarétti hans. Ríkisskattstjóri hafi ekki dregið tilvist skuldabréfanna í efa og ef ætlunin var að víkja til hliðar gildum samningum á grundvelli 1. mgr. 57. gr. laga nr. 90/2003 bar ríkisskattstjóra að sýna fram á að skilyrði væru fyrir hendi. Stefnandi telur að réttur hans til gjaldfærslu affalla af skuldabréfunum sé óháður því hver sé eigandi þeirra í dag. Það nægi að kaupandinn sé réttilega tilgreindur á bréfunum. Skattyfirvöld þurfi að sýna fram á skuldabréfaútgáfan hafi verið óeðlileg. Þá sé rangt að leggja sönnunarbyrðina á stefnanda hver hafi verið eigandi/handhafi bréfanna á hverjum tíma. Telur stefnandi það brot á rannsóknarreglu að skattyfirvöld gefi sér að meintur óvenjuleiki ráðstafana feli sjálfkrafa í sér að um tengdan aðila sé að ræða, sbr. 1. mgr. 57. gr. laga nr. 90/2003. Þá bendir stefnandi á að honum hafi ekki gefist færi á að andmæla tilvísun yfirskattanefndar til 5. gr. ársreikningalaga, en ekki hafi verið byggt á ákvæðinu í úrskurði ríkisskattstjóra.

Í þriðja lagi byggir stefnandi á því að niðurstaða skattyfirvalda sé röng um að skuldabréfaútgáfan á árinu 2005 hafi verið óvenjuleg, verulega frábrugðin því sem almennt gerist og að um hagsmunatengsl hafi verið að ræða. Andvirði skuldabréfanna hafi verið notað til að ljúka kaupum á tveimur jörðum, Móum á Kjalarnesi og Hurðarbaki í Hvalfjarðarsveit, sem stefnandi hafi haft verulegar leigutekjur af. Því sé ekki um neina sýndargerninga að ræða, heldur raunverulega samninga sem skiptu verulegu máli við uppbyggingu rekstrar stefnanda á sínum tíma. Það hafi því verið ólöglegt að víkja samningum stefnanda til hliðar. Er því mótmælt að meintur óvenjuleiki hafi verið fyrir hendi í tengslum við útgáfu skuldabréfanna. Beita beri heildstæðu mati sem byggist á réttum forsendum en ekki óljósum hugmyndum eða getgátum skattyfirvalda.

Stefnandi telur að yfirskattanefnd hafi alveg litið fram hjá raunverulegum rekstrarlegum ástæðum fyrir útgáfu skuldabréfanna sem hafi verið sá að ljúka kaupum á jörðunum Hurðarbaki og Móum af Kaupþingi banka hf. Aðalatriðið sé að stefnandi aflaði sér lánsfjármagns til að kaupa þessar tekjuskapandi eignir með sölu skuldabréfanna árið 2005. Þær eignir hafi alla tíð skilað miklum tekjum til félagsins auk þess sem uppsafnaðar leigutekjur sem hafi nýst til fjárfestinga hjá stefnanda hafi verið notaðar til að greiða vexti í lok lánstímans og hafi skapað enn meiri tekjur fyrir félagið. Þrátt fyrir að leigutekjurnar séu skattlagðar þá líti skattyfirvöld svo á að eðlilegt sé að skattleggja leigutekjur og vaxtatekjur af leigu á sama tíma og gjaldfærsla vaxta eða verðbóta vegna þess fjármagns sé ekki leyfð, þótt um sé að ræða fjármagn sem tekið hafi verið að láni til að kaupa hinar tekjuskapandi eignir. Telur stefnandi mikilvægt að hafa í huga þegar

útgáfa skuldabréfanna árið 2005 sé metin verði að skoða hana með hliðsjón af stærð efnahagsreiknings stefnanda á þeim tíma.

Stefnandi tekur fram að kaupandi skuldabréfanna hafi verið nafngreindur eins ákvæði 2. töluliðar 1. mgr. 49. gr. laga nr. 90/2003 kveði á um. Kaupandinn var Kaupthing í Lúxemborg. Hins vegar sé gengið út frá því að kaupandi skuldabréfanna hafi verið tengdur aðili án þess að fram komi hvaða þýðingu það hafi þá ef raunverulega var um að ræða tengdan aðila og hann nafngreindur. Ætla megi miðað við orðalag forsendnanna að ef tengdur aðili væri nafngreindur þá kynnu afföll að vera frádráttarbær þó að hugsanlega þyrfti að leiðrétta þau til samræmis við markaðskjör. Það stangist þó á við þá forsendu að niðurstaða skattyfirvalda byggist á 1. mgr. 57. gr. tsl. Rökstuðningur yfirskattanefndar varðandi þetta atriði sé þversagnakenndur og að engu hafandi. Enn frekar eigi það við þegar fyrir liggja og í raun ágreiningslaust, sbr. tilgreiningu á skuldabréfunum sjálfum og fyrirbyggjandi samninga um kaup skuldabréfanna og veðsetningu innstæðu á vörslureikningi, að „kaupandi“ skuldabréfanna var Kaupthing í Lúxemborg.

Stefnandi bendir á að hlutfé stefnanda hafi verið 10.000.000 króna þegar skuldabréfin voru gefin út, en litið sé fram hjá því að eigið fé félagsins á þessum tíma hafi verið 233,7 milljónir króna. Í árslok 2017 hafi eignir félagsins verið 11 milljarðar og raunávöxtum 12,4% á tímabilinu frá því skuldabréfin voru gefin út, þ.e. nokkuð hærri ávöxtun heldur en 10,75% ávöxtunarkrafa skuldabréfanna. Sú ályktun skattyfirvalda að tilgangur útgáfunnar hafi verið sá einn að skapa skattalegt hagræði vegna gjaldfærslu affalla en ekki sá að standa undir verðmætasköpun í rekstri, geti því alls ekki talist rökrétt.

Um *varakröfur* vísar stefnandi til sömu málsástæðna og lagaraka. Varakrafan og þrautavarakrafan feli í sér að stefnandi eigi í öllum tilvikum rétt á að gjald- og skuldfæra þær verðbætur sem reiknaðar voru af höfuðstól skuldabréfanna. Ljóst sé að samkvæmt ákvæði 1. tölul. 1. mgr. 49. gr. tsl. teljast til vaxtagjalda, sbr. 1. tölul. 1. mgr. 31. gr. tsl., áfallnar verðbætur á höfuðstól og vexti óháð því hvort kaupandi bréfanna sé nafngreindur eins og gerð er krafa um í 2. tölul. 1. mgr. 49. gr. tsl. Engu máli skipti hvort kaupandi bréfanna sé nafngreindur, öndvert því sem gildi um afföll. Bendir stefnandi á að áfallnar verðbætur fyrir það tímabil sem um sé að ræða nemi 792.635.983 krónum. Telur stefnandi að áfallnar verðbætur teljist til rekstrarkostnaðar, sbr. 1. tölulið 1. mgr. 31. gr. laga nr. 90/2003. Það sé því beinlínis röng niðurstaða hjá skattyfirvöldum að vaxtagjöld stefnanda vegna lánanna hafi ekki verið rekstrarkostnaður í skilningi ákvæðisins og því beri að taka varakröfu stefnanda til greina.

Til viðbótar framangreindum málsástæðum vísar stefnandi um báðar dómkröfur sínar til meginreglna eignarréttar, eignarréttarverndarákvæðis 72. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33/1944 og 1. gr. 1. viðauka við Mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994.

Úrskurðir skattyfirvalda fari í bága við meginreglur eignarréttar og framangreind ákvæði stjórnarskrárinnar og Mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994.

Stefnandi vísar einnig til ákvæða meginmáls EES-samningsins um frjáls þjónustuviðskipti, sbr. 3. kafla meginmáls EES-samningsins og frjálsa fjármagnsflutninga samkvæmt 4. kafla meginmáls EES-samningsins. Í afstöðu skattyfirvalda í máli þessu felist bæði hindrun eða takmörkun á frelsi til fjármagnsflutninga milli aðildarríkjanna auk þess sem í þeim felist í raun höft á frelsi bankastofnunar í Lúxemborg til að veita þjónustu á yferráðasvæði samningsaðila, sbr. 36., 37. og 39. gr. meginmáls EES-samningsins. Þau ákvæði meginmáls EES-samningsins sem einkum eigi við varðandi fjármagnsflutningana eru 40. og 41. gr. Öll framangreind ákvæði hafi lagagildi, sbr. lög nr. 2/1993.

Um lagarök vísar stefnandi til laga nr. 90/2003 um tekjuskatt, einkum 1. tölul. 1. mgr. 31. gr., 49. gr og 57. gr., stjórnarsýslulaga nr. 37/1993, einkum 10., 11., 12., 13. og 22. gr., sem og óskráðra meginreglna stjórnarsýsluréttar. Einnig er vísað til 18. gr. ársreikningalaga nr. 3/2006. Þá er vísað til eignarréttarverndarákvæðis 72. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33/1944 og 1. gr. 1. viðauka við Mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994. Stefnandi vísar enn fremur til ákvæða meginmáls EES-samningsins um frjáls þjónustuviðskipti, sbr. 3. kafla meginmáls EES-samningsins og frjálsa fjármagnsflutninga samkvæmt 4. kafla meginmáls EES-samningsins; einkum 36., 37., 39., 40. og 41. gr. meginmáls EES-samningsins, sbr. lög nr. 2/1993.

2. Helstu málsástæður og lagarök stefnda

Stefndi telur enga form- eða efnisannmarka á úrskurðum skattyfirvalda og að fylgt hafi verið eftir ákvæðum laga um tekjuskatt og dómaframkvæmd við meðferð málsins.

Stefndi telur að ríkisskattstjóri hafi séð til þess að málið væri nægjanlega upplýst áður en hann tók ákvörðun í því, sbr. 1. mgr. 96. gr. laga nr. 90/2003 og að gætt hafi verið að rannsóknarreglu 10. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993. Vísar stefndi til bréfa ríkisskattstjóra, dags. 18. febrúar, 26. mars og 12. júní 2013. Í framhaldi af svarbréfum stefnanda, dags. 15. mars, 14. maí og 10. júlí 2013, hafi ríkisskattstjóri boðað stefnanda fyrirhugaðar breytingar á skattframtölum félagsins með bréfi, dags. 4. nóvember 2013, þar sem boðuð var niðurfelling gjald- og skuldfærðra affalla í skattframtölum stefnanda á þeim grundvelli að ráðstafanir félagsins hefðu verið verulega frábrugðnar því sem almennt gerðist í slíkum viðskiptum og engin ástæða til að ætla að til þeirra hefði komið á milli ótengdra aðila. Tók ríkisskattstjóri fram að þar sem fyrirbyggjandi gögn þættu bera með sér að raunverulegur kaupandi skuldabréfanna hafi verið tengdur stefnanda eða eigendum félagsins, útgáfa skuldabréfanna gerð í þeim tilgangi að ná fram verulegum skattalegum sparnaði með gjaldfærslu affalla og stefnandi ekki sýnt fram á réttmæti frádráttar, fengi ríkisskattstjóri ekki annað séð en að stefnandi yrði að bera hallann af

skorti á upplýsingum um raunverulegan kaupanda skuldabréfanna og afdrif þeirra að öðru leyti. Ríkisskattstjóri hafi samkvæmt þessu gert grein fyrir þeim meginsjónarmiðum sem réðu mati hans. Í úrskurði sínum hafi ríkisskattstjóri fjallað um athugasemdir stefnanda eftir því sem hann taldi þörf á og tók hann fram að ekki lægi fyrir hver eigandi skuldabréfanna væri. Væri afstaða ríkisskattstjóra byggð á því heildarmati embættisins að kjör skuldabréfanna hefðu verið óvenjuleg og að til sölu á þeim hefði ekki komið milli ótengdra aðila.

Stefndi bendir á að þegar mál stefnanda hafi verið rannsakað hjá ríkisskattstjóra þá hafi legið fyrir að fjármálastofnanir í Lúxemborg höfðu synjað íslenskum skattyfirvöldum um upplýsingar á grundvelli bankaleyndar þar í landi. Engu breytti í þeim efnum þótt beiðni þar að lútandi væri sett fram á grundvelli tvísköttunarsamnings landanna eins og sjá megi í birtum úrskurði yfirskattanefndar í máli nr. 248/2014. Þetta hafi fyrirvarsmönnum stefnanda verið ljóst, sbr. tölvuskeyti á milli starfsmanns ríkisskattstjóra til starfsmanns KPMG í apríl og maí 2013. Með andmælabréfi stefnanda sem afhent var ríkisskattstjóra 11. desember 2013 hafi fylgt bréf Banque Havilland S.A., þar sem fram komi að bankinn fari með „vörslu“ skuldabréfanna fyrir viðskiptavinum sínum, en geti ekki, vegna bankaleyndar, upplýst hver/hverjir þeir séu.

Þannig liggi fyrir að rannsóknarúrræði ríkisskattstjóra til að upplýsa um raunverulega eigendur skuldabréfanna hafi verið tæmd og frekari upplýsinga ekki að vænta þegar úrskurður var kveðinn upp í máli stefnanda í lok desember 2013. Engum brotum sé fyrir að fara á rannsóknarreglu 10. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993. Hvorki í stefnu né þeim gögnum sem henni fylgja sé að finna upplýsingar um kröfuhafa skuldabréfanna, þrátt fyrir að stefnanda bæri að standa skil á greiðslu á 1.600.000.000 króna auk áfallinna verðbóta þann 20. janúar 2020 og því enginn í betri aðstöðu en hann til að þekkja deili á kröfuhafa sínum. Ekkert er því fram komið í málinu sem hnekkir þeirri afstöðu ríkisskattstjóra og yfirskattanefndar að raunverulegir eigendur bréfanna séu aðilar nákomnir stefnanda.

Stefndi telur hvorki annmarka á rökstuðningi ríkisskattstjóra, né yfirskattanefndar sem brjóti gegn fyrirmælum 22. gr. stjórnarsýslulaga, enda verði ekki annað séð, bæði af málatilbúnaði stefnanda við stjórnarsýslumeðferð málsins sem og í stefnu þessa máls, en að stefnandi hafi getað glöggvað sig á þeim réttarreglum og forsendum sem ríkisskattstjóri og yfirskattanefnd byggðu niðurstöður sína á.

Þá hafi andmælaréttar verið gætt. Í bréfi, sem ríkisskattstjóri sendi stefnanda 4. nóvember 2013, hafi stefnanda verið kynnt fyrirhuguð endurákvörðun opinberra gjalda gjaldárin 2008, 2009, 2010, 2011 og 2012 og honum veittur lögbundinn 16 daga frestur til að koma að andmælum. Í bréfinu komi fram á hvaða lagagrundvelli fyrirhugaðar breytingar væru byggðar auk þess sem ríkisskattstjóri gerði grein fyrir heildstæðu mati sínu á þeim ráðstöfunum sem um ræddi. Í bréfinu var vísað til viðeigandi réttarreglna,

þ.e. ákvæða 1. mgr. 1. tölul. 31. gr. og 1. mgr. 49. gr. laga nr. 90/2003, sbr. 1. mgr. 57. gr. sömu laga, og m.a. tekið fram að það heyrði undir stefnanda að sýna fram á frádráttarbærni gjaldfærðra affalla í skattskilum félagsins. Stefnandi nýtti rétt sinn til andmæla í bréfi dags. 11. desember 2013, sbr. dskj. nr. 46. Stefnandi kom þannig öllum þeim sjónarmiðum sem hann kaus á framfæri áður en ríkisskattstjóri kvað upp úrskurð í málinu.

Þá tekur stefndi fram að það sé viðurkennd regla stjórnisýsluréttarins að stjórnvaldi beri ekki skylda til að gefa málsaðilum sérstakt færi á að tjá sig um lagagrundvöll málsins eða umfjöllun sína um skýringu einstakra reglna sem á kann að reyna áður en ákvörðun er tekin í máli. Tilvísanir yfirséttanefndar til bókhaldslaga, sbr. m.a. 5. gr. laga nr. 3/2006, sbr. og 75. gr. laga nr. 90/2003 og túlkun á 2. tölul. 1. mgr. 49. gr. sömu laga, eru þess eðlis og þurfti því ekki að bera þær undir stefnanda.

Með vísan til framangreinds beri að sýkna stefnda af ógildingarkröfum stefnanda sem byggjast á því að ekki hafi verið gætt að formskilyrðum stjórnisýslulaga.

Um efnisatriði málsins tekur stefndi fram að sönnunarbyrði hvíli á stefnanda að sýna fram á réttmæti frádráttarins, samkvæmt 1. mgr. 1. tölul. 31. gr. laga nr. 90/2003. Þá sé það staðreynd í málinu að greiða bar öll skuldabréfin undir rekstri málsins, og þau hafi öll verið á gjalddaga 20. janúar 2020. Stefnanda ætti því á grundvelli viðskiptabréfareglanna og tilskipunarinnar frá 9. febrúar 1798, um áritun afborgana á skuldabréf, að vera í lófa lagið að sanna þá fullyrðingu sína að gagnaðili hans í viðskiptum með skuldabréfin hafi ekki verið honum nákominn.

Stefndi bendir á að samningur stefnanda og Kaupthing Bank Luxembourg S.A. um kaup á skuldabréfunum sé á íslensku, og þar sérstaklega tekið fram að um hann gildi íslensk lög og varnarþing vegna samningsins sé í Reykjavík. Þá sé þess sérstaklega getið að ákvæði samningsins um trúnað gildi ekki ef lög, stjórnvaldsfyrirmæli eða dómstólar mæli fyrir um annað. Þrátt fyrir að banki í Lúxemborg eigi aðild að samningnum beri skjalið engin einkenni bankastofnunarinnar, hvorki í undirritun né að bankinn hafi komið að samningu skjalsins.

Stefndi bendir á að ljósrit tilvitnaðra skuldabréfa, átta talsins, hvert að fjárhæð 200.000.000 króna, liggi frammi í málinu. Efni og frágangur bréfanna, sem öll eru samhljóða, vekja athygli stefnda. Skuldabréfin séu öll dagsett 14. janúar 2005 í Lúxemborg og eru öll samkvæmt efni sínu á gjalddaga 20. janúar 2020. Undir öll skuldabréfin ritar Gísli V. Einarsson einn sem stjórnarmaður í stefnanda. Undirritun hans á bréfin nægi ekki til að skuldbinda stefnanda, enda þurfi undirritun tveggja stjórnarmanna til þess, samkvæmt 15. gr. samþykktu félagsins sem liggi fyrir í gögnum málsins. Skuldsetningin samkvæmt bréfunum sé þar af leiðandi ekki skuldbindandi fyrir stefnanda og bréfin því augljóslega ekki tæk til viðskipta sem gild verðbréf.

Í texta bréfanna sé Kaupthing Bank Luxembourg S.A., eða sá sem síðar kunnir að eignast það, tilgreindur sem kröfuhafi skuldabréfanna. Þrátt fyrir að skjölin séu gefin út í Lúxemborg til þarlendis banka þá er skjalið á íslensku og skuldin í íslenskri mynt og ber þar að auki engin einkenni bankastofnunarinnar, hvorki á eyðublaði bankans né á neinn hátt auðkenni þess að bankinn hafi komið að samningu skjalsins.

Stefndi telur að skattfyrirvöldum hafi verið rétt að beita meginreglu 1. mgr. 57. gr. tekjuskattslaga við úrlausn á því hvort frádrátturinn hafi verið réttmætur. Stefndi sé sammála skattfyrirvöldum og telur að kjör bréfanna og viðskiptin með þau séu óvenjuleg og verulega frábrugðin því sem almennt gerist í slíkum viðskiptum.

Samkvæmt gögnum málsins hafi verið stofnað til stefnanda árið 2003 af Matfugli ehf. gagnert í þeim tilgangi að kaupa eignir sem tengdust rekstri Móa hf., í kjölfar gjaldþrots þess. Stefndandi kveðst hafa tekið ákvörðun um að endurfjármagna skuldbindingar félagsins með langtímaláni og hafi gengið að tilboði Kaupthing Bank Luxembourg S.A. um útgáfu átta verðtryggðra og vaxtalausra skuldabréfa til 15 ára, sem hvert var að nafnverði 200.000.000 kr., samtals að fjárhæð 1.600.000.000 króna. Stefndandi hafi verið greiddar rúmar 342.000.000 króna fyrir bréfin. Lánin líkist svokölluðum kúlulánum fyrir þær sakir að þau séu með einni afborgun í lok lánstímans. Aftur á móti verði greiðslan við lok lánstíma skuldabréfanna óljós þar sem nafnverð skuldarinnar sé tengt vísitölu neysluverðs. Lánin líkist ekki neinum venjulegum rekstrar- eða fjárfestingalánum fyrirtækja hér á landi og beri þess merki að með þeim virðist hafa verið ætlunin að færa allan hagnað af starfsemi stefnanda meira eða minna sem skuld næstu 15 árin við skuldareiganda.

Stefndi mótmælir fullyrðingu í stefnu þess efnis að Kaupthing Bank Luxembourg S.A. hafi tekið sér 1% þóknun af viðskiptum með bréfin enda engin stoð fyrir því í gögnum málsins.

Stefndi bendir á að í stofngögnum stefnanda, sé tekið fram að tilgangur félagsins sé rekstur og leiga fasteigna, lánastarfsemi og fjárfestingar í arðbærum atvinnurekstri. Stofnhlutafé hafi numið 1.000.000 króna, en hafði verið aukið í 10.000.000 króna í árslok 2004.

Í ársreikningum stefnanda fyrir árin 2007-2011 megi sjá að engin breyting hafi orðið á tilgangi félagsins, en hlutaféð, sem þá nam 10.000.000 króna, sé allt í eigu Langasjós ehf.

Stefndi byggir á því að útgáfa stefnanda á skuldabréfum samtals að fjárhæð einum milljarði og sexhundruð milljónum króna árið 2005 hafi falið í sér verulega skuldsetningu félagsins til langs tíma. Stefndandi hafi keypti eignir á árinu 2004 og fengið til þess lán frá tengdum aðila upp á 818.000.000 kr. Í janúar árið 2005 hafi stefndandi fengið hinar rúmu 342.000.000 króna greiddar vegna útgáfu skuldabréfanna upp á 1.600.000.000 kr. að nafnverði. Þar sem skuld við tengda aðila lækkaði í samræmi við

útgreidda fjárhæð til stefnanda við útgáfu skuldabréfanna megi segja að skuld við tengda aðila hafi verið greidd með þeim fjármunum og þar með lækkuð um 342.000.000 kr. Með öðrum orðum þá fór stefnandi úr þeirri stöðu að skulda tengdum aðila 342.000.000 kr. í það að skulda óljósum aðila verðtryggðar 1.600.000.000 kr. til að ná fram sömu skuldastöðu á árinu 2005. Á sama ári tók félagið önnur lán sem báru 3,85% til 5,95% vexti og stóð sú lántaka í 565.000.000 kr. í lok árs 2005.

Sé málatilbúnaður stefnanda lagður til grundvallar skuldsetti hann sig til fimmtán ára fyrir fjárhæð sem nam rúmlega fjórfaldri þeirri fjárhæð sem hann vildi endurfjármagna. Þá tók hann jafnframt á sig þau okurafföll er fólust í 78,6% af samanlögðu nafnvirði skuldabréfanna. Að mati stefnanda sé þetta eitt þeirra atriða sem horfa verði til við heildarmat á eðli þessara viðskipta í skattalegu tilliti.

Í gögnum málsins liggja fyrir yfirlýsing stefnanda, þess efnis að sú hugmynd hafi fæðst að gefa út og selja svokölluð millilagsskuldabréf (e. mezzanine bonds). Slík lán hafi ekki verið söluvara íslenskra fjármálastofnana, en tíðkuðust mikið erlendis, sbr. svarbréf stefnanda, dags. 10. júlí 2013, við fyrirspurnarbréfi ríkisskattstjóra. Þessi skýring standist vart að mati stefnda, enda öll skuldabréfin á íslensku og því vart söluvara á erlendum fjármálamörkuðum auk þess sem þau á engan hátt falli að hugtaksskilyrðum þess að vera millilagsskuldabréf. Skuldabréfin hafi verið verðtryggð m.v. íslenska vísitölu, þ.e. vísitölu neysluverðs, vaxtalaus og án nokkurra trygginga að undanskilinni takmarkaðri ábyrgð eins stjórnarmanns í félaginu sem auk þess verði ekki virk fyrir en á gjalddaga skuldabréfanna. Kjör og önnur ákvæði í skuldabréfunum hafi þannig verið ólík því sem almennt gerðist í lánsviðskiptum hliðstæðra fyrirtækja við útgáfu þeirra.

Í skilmálum skuldabréfanna hafi verið ákvæði sem heimiluðu handhafa þeirra að gjaldfella þau fyrirvaralaust og án uppsagnar, m.a. ef heildar eigið fé stefnanda á lánstímanum færi niður fyrir ákveðna fjárhæð uppfærða m.v. breytingar á vísitölu neysluverðs, fjárnám yrði gert hjá honum, eignarhlutur þáverandi eigenda stefnanda, maka, barna þeirra og félaga í meirihlutaeign framangreindra aðila færi undir 67%. Þá hafi það verið sérstök gjaldfellingarástæða ef stefnandi veitti ekki eiganda bréfsins skriflegar upplýsingar, staðfestar af löggiltum endurskoðanda, um eiginfjárstöðu og eignarhald félagsins innan 14 daga frá því slík beiðni kæmi fram.

Stefndi tekur fram að eigandi skuldabréfanna hafi aldrei spurst fyrir um fjárhagsstöðu stefnanda og á því byggt af hálfu stefnanda að honum hafi ekki frá útgáfu þeirra, nú um 15 ára skeið, verið kunnugt um það hver væri eigandi bréfanna. Í ljósi þess að um er að ræða verulegar lánsfjárhæðir, auk þess sem kvaðir fylgdu skuldabréfunum, verði það að teljast óvenjulegt að eigandi skuldabréfsins hafi aldrei spurst fyrir um fjárhagsstöðu félagsins, né eigendur þess.

Þá beri að líta til þess að skuldabréfin séu gefin út á nafn, þ.e. til Kaupthing Bank Luxembourg S.A. sem stefnandi viðurkennir að skulda lánsfjárhæðina eða þeim sem

síðar kunni að eignast skuldabréfið. Greiðsluskylda stefnanda sé því bundin við að borga Kaupthing Bank Luxembourg S.A. fjárhæðina eða þeim sem bankinn hafi framselt skuldabréfið til. Fyrir liggur að á gjalddaga skuldabréfanna, 20. janúar 2020, var Kaupthing Bank Luxembourg S.A. ekki starfandi lengur.

Hafi stefnandi greitt skuldabréfin á gjalddaga hafi honum verið í lófa lagið að neita að greiða skuldabréfin nema fyrir lægi að sá sem krefðist sýndi fram á það með óslitinni framsalsröð að hann væri lögmætur eigandi skuldabréfanna, sbr. 1. gr. tilskipunar um áritun afborgana á skuldabréf frá 9. febrúar 1798. Þetta á ekki síst við í ljósi þess að Banque Havilland S.A í Luxembourg hafði upplýst þáverandi stjórnarformann stefnanda um að bankinn ætti ekki sams konar skuldabréf í félaginu Brimgörðum ehf., heldur hefði í fórum sínum slík skuldabréf fyrir hönd viðskiptamanna sinna, sbr. bréf bankans, dags. 4. desember 2013 til stefnanda.

Þá verði í þessu sambandi einnig að hafa í huga að sérstaklega sé áskilið í 2. mgr. 49. gr. laga nr. 90/2003 að til þess að draga megi afföll af seldum verðbréfum frá sé það áskilið að kaupandi bréfanna sé nafngreindur. Stefnanda dugir þannig ekki að skáka í skjóli nafnleysis og bera fyrir sig afstöðu banka í Lúxemborg í máli þessu. Á þetta grundvallarhugtaksskilyrði skortir í þessu máli. Þegar af þeirri ástæðu standi öll rök til að sýkna stefnda enda niðurstaða skattyfirvalda í þessum efnunum í samræmi við lög. Öndverðum málsástæðum stefnanda er mótmælt sem röngum.

Stefndi er sammála því mati skattyfirvalda að þau kjör sem voru á útgefnum skuldabréfum stefnanda árið 2005 hafi verið verulega frábrugðin því sem almennt standi til boða. Þrátt fyrir að stefnandi hafi vísað til vaxtakjara sem í boði voru á verðtryggðum skuldabréfum hér á landi árið 2005 telur stefndi það harla ólíklegt að þau skuldabréf sem þar er vísað til hafi svipaða eiginleika, þ.e. að þau séu með takmarkaðri ábyrgð og hafi verið til eins langs tíma og þau skuldabréf sem hér um ræðir. Þá er vakin sérstök athygli á því að engra annarra trygginga sé getið í skuldabréfunum, sem væri að teknu tilliti til þeirrar áherslu sem stefnandi hafi lagt á að bréfin væru viðskiptabréf. Álit sem stefnandi hafi einhliða aflað sér frá dr. Hersi Sigurgeirssyni breytir hér engu enda hafi það einungis að geyma almenna umfjöllun um tiltekna tegund skuldabréfa, sem sýnist allt annars konar en þau skuldabréf sem deilt er um í máli þessu. Þá verði ekki fram hjá því litið að samanburður á vaxtakjörum útgefna skuldabréfa á markaði og nánast ótryggðra skuldabréfa einkahlutafélags, sem hafði þá einungis verið starfandi í eitt ár með tíu milljónir í hlutafé, missir marks. Stefndi telur að auki að álit dr. Hersis hafi ekkert sönnunargildi í málinu, enda aflaði stefnandi þess einhliða án þess að gefa stefnda nokkurn kost á að koma að sjónarmiðum sínum.

Stefndi bendir á að stefnandi hafi ekki kynnt veðsamning, sem hann lagði fram fyrir dómi fyrir skattyfirvöldum þegar mál hans var þar til meðferðar. Er fullyrðingu stefnanda um að til tryggingar skuldinni hafi staðið veð í vörslureikningi stefnanda hjá

Kaupthing Bank Luxembourg S.A, mótmælt sem órökstuddri og ósannaðri. Af lélegu ljósriti sem stefndi hafi í höndum virðist samningurinn einungis vera undirritaður af einum stjórnarmanni stefnanda, en ekki tveimur eins og áskilið er í samþykktum félagsins. Engar upplýsingar hafi verið lagðar fram af hálfu stefnanda sem sýni fram á hvort eða hvaða fjármunir voru á þessum vörslureikningi frá því í janúar 2005 þar til á gjalddaga bréfanna 20. janúar 2020. Stefndi beri sönnunarbyrðina fyrir því að um raunverulega tryggingu hafi verið að ræða. Stefndi áréttar að þessarar tryggingar sé hvergi getið í skuldabréfunum, sem stefndi hafi þó borið við að séu viðskiptabréf.

Þá sé því sérstaklega mótmælt sem órökstuddu og ósönnuðu að skuldabréfin hafi verið seld á eðlilegum markaðskjörum. Í því sambandi vill stefndi áréttar að viðskiptin með bréfin verði að meta heildstætt með tilliti til ákvæða 1. mgr. 57. gr. laga nr. 90/2003, sbr. orðalag ákvæðisins, umfjöllunar í athugasemdum með 15. gr. frumvarps þess, sem varð að lögum nr. 30/1971, og dómaframkvæmdar. Söluverð skuldabréfanna í viðskiptum stefnanda geti því eitt og sér ekki ráðið neinum úrslitum í þessu efni.

Stefndi tekur fram að þrátt fyrir að Gísli V. Einarsson, sem lést 20. desember 2011, hafi ábyrgst greiðslu á fjórðungi höfuðstóls skuldarinnar, telji stefndi að horfa þurfi til þess að sú ábyrgð varð ekki virk fyrr en á gjalddaga skuldabréfanna í janúar 2020, en þá hafi verið liðin 15 ár frá útgáfu skuldabréfanna. Ábyrgðin sé einföld, þannig að áður en á hana reyni þurfi að staðreyna ógjaldfærni stefnanda.

Kjör skuldabréfanna, gjaldfellingarákvæðið, sem tengist lágmarki eigin fjár og eignarhluta hluthafa, maka þeirra, barna og félaga í þeirra eigu, og sú staðreynd að eigandi skuldabréfanna hafði aldrei spurst fyrir um fjárhagsstöðu félagsins þegar mál stefnanda sætti meðferð skattfirvalda, bendi eindregið til þess að þrátt fyrir að Kaupthing Bank Luxembourg S.A. hafi verið skilgreindur sem kröfuhafi hafi bankinn einungis verið milliliður við sölu skuldabréfanna og að raunverulegur kaupandi þeirra hafi verið tengdur stefnanda eða eigendum hans. Verði því að ætla að stefnanda, eða eigendum hans, hafi í raun verið kunnugt um hver væri eigandi skuldabréfanna þrátt fyrir að stefndi byggji á því að honum sé ekki kleift að veita þær upplýsingar. Væri enda fjarstætt fyrir stefnanda að greiða andvirði skuldabréfanna án þess að ganga úr skugga um hvort sá aðili ætti réttmæta kröfu til greiðslu skuldanna, sérstaklega að teknu tilliti til athugasemda skattfirvalda er luttu að skuldabréfum þessum.

Stefndi er sammála því mati skattfirvalda að útgáfa skuldabréfanna hafi verið gerð í þeim tilgangi að ná fram verulegum skattalegum sparnaði með gjaldfærslu hárra affalla yfir lánstímann og er þá litið til þess í því samhengi að kostnaðurinn, sem stefnanda var alls ekki umhugað um að hafa sem lægst, hefði áhrif til lækkunar á tekjuskattstofn samskattaðs aðila. Í stað þess að leitast eftir fjármögnun þar sem fjármagnskostnaður yrði hafður í lágmarki kaus stefndi að gera óvenjulega lánasamninga með hlutfallslega gríðarháum fjármagnskostnaði við óþekktan

lánveitanda. Loks verði ekki heldur fram hjá því litið að með útgáfu skuldabréfanna hafi verið búin til skuld sem nemi gríðarlega háum fjárhæðum og taki til sín stóran hluta ef ekki allan hagnað af starfsemi stefnanda í fyrirsjáanlegri framtíð. Rekstrarlegar forsendur fyrir þeirri endurfjármögnun séu vandséðar, sem stefnandi kveður hafa verið tilefni lántökunnar, sem væri svo sliguð af fjármagnskostnaði sem þessi sýndi sig að vera.

Engar upplýsingar liggi fyrir í málinu um kaupanda hinna umþrættu skuldabréfa sem stefnandi gaf út í janúar 2005 og seldi fyrir milligöngu Kaupthing Bank Luxembourg S.A., þrátt fyrir að ríkisskattstjóri hafi ítrekað farið þess á leit við stefnanda að upplýsa það. Ómöguleiki, sem stefnanda var kunnur og fólgin er í reglum um bankaleynd í Lúxemborg, stóð því í vegi að skattyfirvöld gætu aflað þeirra upplýsinga án atbeina stefnanda. Ætla verði að stefnanda hefði verið hafgætt að upplýsa um eiganda skuldabréfanna ef raunin væri sú að hann sé honum algjörlega ótengdur. Það hafi hann ekki gert á neinu stigi þessa máls. Það sé því bæði rökrétt og eðlileg ályktun að stefnandi vilji ekki upplýsa um þetta atriði af skattalegum ástæðum. Það sé þessi leynd sem hafi leitt til þess að yfirskattanefnd taldi skilyrðið í 2. tölul. 1. mgr. 49. gr. tekjuskattslaga ekki vera uppfyllt, þ.e. að frádráttarbærni affalla sé bundið því skilyrði að kaupandi bréfanna væri nafngreindur. Tilgreining Kaupthing Bank Luxembourg S.A. í skuldabréfunum hafi raunverulega einungis verið að nafninu til í þeim tilgangi að leyna raunverulegum mótaðila í viðskiptunum. Stefnandi hafi ekki hnekkst því mati, þótt hann hafi átt þess kost, og er öndverðum málsástæðum hans mótmælt sem ósönnuðum.

Stefndi telur dóm Hæstaréttar Íslands í máli nr. 321/2005 hafa fordæmisgildi í máli stefnanda, enda atvik í máli hans í öllum meginatriðum sambærileg þeim atvikum sem lágu til grundvallar forsendum dómsins.

Þá áréttar stefndi að það mat sem skattyfirvöld framkvæmdu á grundvelli 1. mgr. 57. gr. tekjuskattslaganna hafi verið heildarmat á margnefndum viðskiptum. Niðurstaðan hafi verið sú að stefnanda væri ekki heimilt að nýta frádráttarheimildina í 1. tölul. 1. mgr. 31. gr. tekjuskattslaganna sökum þess að viðskiptin hafi verið sett á svið í skattalegum tilgangi en ekki rekstrarlegum. Í forsendum yfirskattanefndar virðist einmitt vera litið til þess að gagnaðili í viðskiptum með skuldabréfin, þ.e. kaupandinn, hafi í raun verið annar aðili, tengdur stefnanda, og tilgreining Kaupthing Bank Luxembourg S.A. því raunverulega einungis verið að nafninu til. Áður tilvitnað bréf Banque Havilland S.A. varpi einnig glöggu ljósi á hlutverk þess banka. Málsástæðu stefnanda, að hann hafi verið í góðri trú þegar hann notaði afföll skuldabréfanna til frádráttar tekjuskatti sínum árin 2008-2012, er mótmælt sem rangri og ósannaðri.

Að teknu tilliti til dómkrafa stefnanda mætti ætla að honum væri í mun að upplýsa um eiganda skuldabréfanna, en það hafi hann ekki gert. Þannig hvílir enn leynd yfir því hver raunverulegur gagnaðili stefnanda er.

Samkvæmt 102. gr. tekjuskattslaga beri ríkisskattstjóra að tryggja að skattskyldir aðilar skili réttum sköttum til samfélagsins. Stefndi telur að þær ráðstafanir sem stefnandi viðhafði við útgáfu og sölu skuldabréfanna hafi haft það eitt að markmiði að sniðganga réttmæta skattlagningu.

Í málinu sé deilt um réttmæti frádráttarliða í skattskilum stefnanda, sem er íslenskur, á grundvelli íslenskra tekjuskattslaga. Engin skattlagning yfir landamæri hafi átt sér stað í máli stefnanda. Málsástæða stefnanda, að brotið hafi verið gegn EES samningi, er þar af leiðandi mótmælt sem rangri og órökstuddri.

Málsástæðu stefnanda, þess efnis að úrskurðir skattyfirvalda í máli hans fari í bága við meginreglur eignarréttar og 72. gr. stjórnarskrár og 1. gr. 1. viðauka Mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994, er mótmælt. Málsástæðunni, sem ekki eru gerð frekari skil í stefnunni, er mótmælt sem órökstuddri og rangri, enda engum slíkum brotum fyrir að fara.

Verði vara- og þrautavarakröfu ekki vísað frá dómi, byggir stefndi sýknukröfu sína á þeim sömu málsástæðum og hér hafa verið tilgreindar til stuðnings sýknu af aðalkröfu stefnanda.

III

Stefnandi reisir aðalkröfu sína um ógildingu úrskurðar ríkisskattstjóra og yfirsattanefndar á því að ekki hafi verið gætt formreglna við meðferð málsins. Telur stefnandi að brotið hafi verið gegn andmælarétti hans þar sem röksemdir hans hafi ekki fengið viðunandi umfjöllun hjá skattyfirvöldum. Einnig hafi rannsókn málsins verið ábótavant, þegar skattyfirvöld hafi lagt til grundvallar að hinar óvenjulegu ráðstafanir gefi til kynna að um tengdan aðila hafi verið að ræða. Stefnandi hafi reynt að verða við óskum ríkisskattstjóra og upplýsa um eiganda skuldabréfanna, m.a. með því að fá það staðfest frá Banque Havilland að bankinn væri ekki einn af handhöfum bréfanna. Ríkisskattstjóra hafi borið að rannsaka þennan þátt málsins betur í stað þess að grípa til sönnunarreglna.

Samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum óskaði ríkisskattstjóri eftir gögnum og upplýsingum frá stefnanda við meðferð málsins. Þannig liggur fyrir að ríkisskattstjóri sendi stefnanda fyrirspurnarbréf, dags. 18. febrúar, 26. mars og 12. júní 2013, sem svarað var með bréfum umboðsmanns stefnanda, 15. mars, 14. maí og 10. júlí 2013.

Í bréfi ríkisskattstjóra, dags. 18. febrúar 2013, var stefnandi m.a. krafinn um skýringar á útgáfu skuldabréfanna á árinu 2005, gjaldfærslu affalla þeim tengdum og hver væri eigandi skuldabréfanna „í dag“. Í bréfi ríkisskattstjóra, dags. 26. mars 2013, var stefnandi krafinn nánari skýringa um gjaldfærslu affalla í skattframtölum hans, þ. á m. að upplýst væri um eiganda skuldabréfanna og um kröfuhafaskipti ef þau hefðu átt sér stað o.fl. Þá var í bréfi ríkisskattstjóra, dags. 12. júní 2013, farið fram á nánari

skýringar fyrir útgáfu skuldabréfanna, m.a. hvort leitað hafi verið tilboða hjá öðrum fjármálastofnunum árið 2005. Í kjölfar bréfaskiptanna boðaði ríkisskattstjóri stefnanda með bréfi, dags. 4. nóvember 2013, breytingar á skattframtölum hans, m.a. á þeim grundvelli að ráðstafanir stefnanda hefðu verið verulega frábrugðnar því sem almennt gerðist í sambærilegum viðskiptum og að engin ástæða væri til að ætla að til þeirra hefði komið á milli ótengdra aðila og að stefnandi yrði að bera hallann af skorti á upplýsingum um raunverulegan kaupanda skuldabréfanna.

Stefnandi andmælti boðuðum breytingum og gerði grein fyrir sjónarmiðum sínum. Mótmælti stefnandi því að ákvæði 57. gr. laga nr. 90/2003 tækju til umræddra ráðstafana og taldi ríkisskattstjóra ekki hafa sýnt fram á hagsmunatengsl eða að útgáfa skuldabréfanna hefði verið óvenjuleg. Ríkisskattstjóri hratt síðan boðuðum breytingum í framkvæmd.

Stefnandi kærði úrskurð ríkisskattstjóra til yfirséðanefndar. Í úrskurði nefndarinnar er ítarlega farið yfir athugasemdir stefnanda um meinta annmarka á meðferð málsins hjá ríkisskattstjóra. Taldi nefndin að ríkisskattstjóri hefði sinnt rannsóknarskyldu sinni með tilhlýðilegum hætti. Fram hefði komið á hvaða lagagrundvelli fyrirhugaðar breytingar væru byggðar og að ríkisskattstjóri hafi gert grein fyrir heildstæðu mati sínu á ráðstöfunum stefnanda.

Yfirséðanefnd lagði sjálfstætt mat á gögn málsins að teknu tilliti til kæru stefnanda og umsagnar ríkisskattstjóra. Rökstuddi yfirséðanefnd í úrskurði sínum að hvaða leyti viðskipti stefnanda með hin umþrættu skuldabréf á árinu 2005 væru óvenjuleg. Tók nefndin fram að um væri að ræða ófyrirsjáanlega skuldsetningu til langs tíma, söluandvirði væri óeðlilega lágt, skuldabréfin hefðu verið vaxtalaus og án trygginga og að stefnandi yrði að bera hallann af skorti á upplýsingum um raunverulegan kaupanda bréfanna. Taldi nefndin að þegar hin umdeildu viðskipti væru virt í heild sinni þætti ekki leika neinn vafi á því að þau væru verulega frábrugðin því sem almennt gerðist í slíkum viðskiptum og taldi hún meginreglu 1. mgr. 57. gr. laga nr. 90/2003 um óvenjuleg skipti í fjármálum taka til ráðstafananna, að kjarni ákvæðisins væru samningar milli einstaklinga eða félaga, sem tengdir eru sifjaréttarlega eða fjárhagslega, og gerðir væru í sniðgönguskyni, og vísaði í því sambandi m.a. til dóms Hæstaréttar Íslands 9. febrúar 2006 í máli nr. 321/2005, íslenska ríkið gegn Sundagörðum hf.

Bæði ríkisskattstjóri og yfirséðanefnd rökstuddu í úrskurðum sínum og komust að þeirri sömu niðurstöðu að ráðstafanir stefnanda hefðu verið verulega frábrugðnar því sem almennt gerðist í sambærilegum viðskiptum og að engin ástæða væri til að ætla að til þeirra hefði komið á milli ótengdra aðila. Rökstuddu bæði ríkisskattstjóri og yfirséðanefnd að hinar óvenjulegu ráðstafanir stefnanda gæfu til kynna að um tengdan aðila hefði verið að ræða, í skilningi 1. mgr. 57. gr. laga nr. 90/2003, og töldu að stefnandi

yrði að bera hallann af skorti á upplýsingum um raunverulegan kaupanda skuldabréfanna og afdrif þeirra að öðru leyti.

Yfirskattanevnd vísar til þess í úrskurði sínum að það hafi þýðingu við mat á ráðstöfunum stefnanda að í efnahagsreikningum félagsins hafi skuld vegna útgáfu skuldabréfanna verið tilgreind með söluverði þeirra að viðbættum gjaldfærðum afföllum og verðbótum. Hafi einungis verið gerð grein fyrir höfuðstól skuldarinnar, sem hafi numið margfalt hærri fjárhæð, í skýringum með ársreikningnum. Verði að telja að skuldirnar hafi ekki verið færðar í ársreikningum stefnanda í samræmi við bókhaldslög, sbr. m.a. 5. gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga, sbr. 75. gr. laga nr. 90/2003, að því er tilgreiningar í skattskilum varðar. Stefnandi telur að með greindri lagatiltvitnun hafi verið brotinn á honum andmælaréttur þar sem ekki hafi verið vísað í ákvæðið í úrskurði ríkisskattstjóra.

Dómurinn bendir á að það er hlutverk yfirskattanevndar að beita þeim réttarreglum sem eiga við úrlausn máls. Er yfirskattanevnd ekki bundin við útlistun málsaðila, þ. á m. Ríkisskattstjóra, á einstökum lagaatriðum. Hvíldi ekki sérstök skylda á nefndinni að veita stefnanda færi á að tjá sig sérstaklega um þennan lagagrundvöll sem nefndin byggði niðurstöðu sína á. Verður því ekki fallist á það með stefnanda að tilvísun yfirskattanevndar til 5. gr. ársreikningalaga hafi leitt til þess að brotinn hafi verið andmælaréttur á stefnanda. Er kröfu stefnanda um ógildingu úrskurðar yfirskattanevndar á þessum grundvelli því hafnað.

Með skírskotun til þess er að framan greinir verður ekki fallist á það með stefnanda að ekki hafi verið gætt andmælaréttar stefnanda og að röksemdir stefnanda hafi ekki fengið viðhlítandi umfjöllun hjá ríkisskattstjóra og yfirskattanevnd. Þá verður ekki heldur talið að rannsókn málsins hafi verið ábótavant enda hefur stefnandi ekki stutt það haldbærum rökum að mati dómsins í hverju slík vanræksla hafi verið fólgin. Þá verður að líta til þess að á þeim tíma sem rannsókn málsins fór fram, var torsótt og jafnvel ómögulegt fyrir íslensk skattyfirvöld að fá upplýsingar frá fjármálastofnunum og skattyfirvöldum í Lúxemborg, eins og gögn málsins bera með sér.

Stefnandi gaf út átta skuldabréf á árinu 2005, hvert að nafnverði 200.000.000 króna til Kaupthing Bank Luxembourg S.A. Fyrir bréfin fékk stefnandi greiddar 342.451.564 krónur. Afföll og kostnaður af sölu bréfanna námu samtals 1.257.548.436 krónum og gjaldfærði stefnandi 940.116.306 krónur sem afföll í skattskilum sínum gjaldárin 2008-2012.

Samkvæmt skilmálum bréfanna báru þau enga vexti og skyldu greiðast í einu lagi þann 20. janúar 2020. Þau voru bundin vísitölu neysliverðs með grunnvísitölu 239,0 og áttu að hækka eða lækka miðað við gildi grunnvísitölunnar á gjalddaga bréfanna. Ljósrit bréfanna liggja frammi í málinu og eru þau öll dagsett 14. janúar 2005 og undirrituð af einum þáverandi stjórnarmanni stefnanda, Gísla V. Einarssyni heitnum. Ekki hefur verið

upplýst fyrir dóminum hvar frumrit bréfanna eru niður komin, og kvaðst lögmaður stefnanda, sérstaklega aðspurður við aðalmeðferð málsins, ekki geta svarað því.

Stefnandi byggir m.a. á því að engu máli skipti hver hafi verið eigandi skuldabréfanna sem stefnandi gaf út á árinu 2005. Kaupthing Bank S.A. í Lúxemborg hafi verið kaupandi skuldabréfanna og fram hjá þeirri staðreynd horfi skattyfirvöld. Ráðstöfun bréfanna eftir það hafi enga þýðingu. Stefnandi telji að það nægi að nafn kaupanda, þ.e. Kaupthing Bank S.A. í Lúxemborg, komi fram á skuldabréfinu. Skilyrðum 2. töluliðar 1. mgr. 49. gr. laga nr. 90/2003 hafi því verið fullnægt. Bendir stefnandi á að andvirði skuldabréfanna hafi verið notað til að greiða niður lán hjá tengdum aðilum og í tengslum við kaup stefnanda á tveimur jörðum á árinu 2003, sem stefnandi hafi síðan haft leigutekjur af. Því sé ekki um neina sýndargerninga að ræða og að yfirskattanefnd hafi alveg litið fram hjá rekstrarlegum ástæðum fyrir útgáfu skuldabréfanna.

Stefndi mótmælir málsástæðum stefnanda og telur að ákvæði 1. mgr. 57. gr. laga nr. 90/2003 eigi við um ráðstafanir stefnanda. Telur stefndi að kjör bréfanna og viðskiptin með þau séu óvenjuleg og verulega frábrugðin því sem almennt gerist í slíkum viðskiptum. Mat skattyfirvalda á hinum umþrættu viðskiptum með skuldabréfin hafi byggst á heildarmati skattyfirvalda og niðurstaðan hafi verið sú að ekki væri leyfilegt að nýta frádráttarheimildina í 1. tölulið 1. mgr. 31. gr. laga nr. 90/2003. Gagnaðilinn í viðskiptunum hafi í raun verið aðili tengdur stefnanda og tilgreining Kaupthing Bank Luxembourg S.A. sem kaupanda bréfanna því einungis verið að nafninu til. Áskilnaði 2. mgr. 49. gr. laga nr. 90/2003 um að kaupandi skuldabréfanna sé nafngreindur hafi því ekki verið fullnægt og því óheimilt að draga afföll af seldum skuldabréfum frá skattskyldum tekjum stefnanda. Af þessum ástæðum beri að sýkna stefnda.

Samkvæmt 1. mgr. 1. tölulið 31. gr. laga nr. 90/2003 er heimilt að draga rekstrarkostnað frá tekjum af atvinnurekstri, þ.e. þau gjöld sem á árinu ganga til að afla teknanna, tryggja þær og halda þeim við, þar á meðal vexti af skuldum, afföll, gengistöp, niðurfærslu og fyrningu eigna, eftir því sem nánar er mælt fyrir um í lögnum, og loks það sem varið er til tryggingar og viðhalds á eignum þeim sem arð bera í rekstrinum. Við hvaða aðstæður vaxtagjöld, afföll og gengistöp af skuldum teljist til gjalda eru síðan frekari ákvæði í 49. gr. laganna. Í 2. tölulið 1. mgr. 49. gr. laganna kemur m.a. fram að til frádráttarbærra gjalda teljist afföll af seldum verðbréfum, víxlum og sérhverjum öðrum skuldaviðurkenningum, enda sé kaupandi bréfanna nafngreindur. Þá eru einnig nánari ákvæði um hvernig eigi að reikna afföll til frádráttar og fleiri atriði.

Eins og fyrr greinir voru skuldabréfin átta, sem stefnandi gaf út á árinu 2005 til Kaupthing Bank Luxembourg S.A., til 15 ára. Þau báru enga vexti en voru bundin vísitölu neysluverðs og skyldu greiðast í einu lagi 20. janúar 2020. Skuldabréfin voru á íslensku, í íslenskri mynt og báru ekki sérstaklega með sér að erlendur banki hefði komið að

samningu þeirra. Bréfin voru undirrituð af stefnanda með þeim hætti sem áður greinir og þar sem hann staðfestir að skulda Kaupthing Bank Luxembourg S.A., eða þeim sem síðar kann að eignast skuldabréfið, fyrrgreinda fjárhæð. Í bréfunum var ákvæði um fyrirvaralaus heimild eiganda til gjaldfellingar þeirra ef eiginfjárstaða félagsins færi niður fyrir ákveðna fjárhæð, ef fjárnám yrði gert hjá stefnanda eða ef önnur þau atvik gerðust sem nánar er getið um í bréfunum. Þá ábyrgðist Gísli V. Einarsson heitinn með einfaldri ábyrgð greiðslu á einum fjórða af höfuðstól skuldarinnar. Ábyrgðin yrði þó ekki virk fyrr en á lokadegi skuldabréfsins hinn 20. janúar 2020. Þá vekur það sérstaka athygli, miðað við umfang skuldabréfaútgáfunnar og lánstíma, að í skuldabréfunum voru engin ákvæði um réttindi kröfuhafa og þá eftir atvikum vanefndaúrræði, ef aðstæður vegna ábyrgðar breyttust.

Varðandi eignarhald skuldabréfanna er fram komið að Banque Havilland S.A., sem tók við starfsemi Kaupthing Bank Luxembourg S.A., tók fram í bréfi, dags. 4. desember 2013, að Banque Havilland færi með vörslu umræddra bréfa fyrir hönd viðskiptavina bankans, en vegna reglna um bankaleynd í Lúxemborg þyrfti bankinn leyfi viðskiptavina sinna fyrir veitingu frekari upplýsinga. Stefnandi hefur upplýst að skuldabréfaeigendur hefðu aldrei á þeim 15 árum sem liðu frá útgáfu bréfanna og fram að gjalddaga spurst fyrir um þau atriði sem gjaldfellingarákvæði snerust um né nokkuð annað. Einnig að stefnanda hefði allan tímann verið alls ókunnugt um hver eða hverjir ættu umrædd skuldabréf. Í þinghaldi hinn 29. janúar 2021 var síðan upplýst að Eignarhaldsfélagið Mata ehf. hefði eignast öll skuldabréfin í desember 2019 og að stefnandi hefði greitt því félagi kröfufjárhæðina samkvæmt bréfunum, samtals 2.800.000.000 króna. Eitt bréfið var greitt á gjalddaga 20. janúar 2020 en hin á tímabilinu 10.-30. desember 2020, samtals með fjórum millifærslum. Raunverulegir eigendur Eignarhaldsfélagsins Mata ehf. eru í aðalatriðum hinir sömu og í stefnanda, þ.e. þau Eggert Árni, Halldór Páll og Guðný Edda Gíslabörn og er óumdeilt að félögin eru tengdir aðilar í skilningi laga. Engar upplýsingar hafa hins vegar verið lagðar fram um framsalsröð bréfanna eða hvernig Eignarhaldsfélagið Mata ehf. eignaðist skuldabréfin.

Í málinu liggur fyrir að umrædd skuldabréf voru seld árið 2005 fyrir milligöngu Kaupthings í Lúxemborg fyrir samtals 342.451.564 krónur á árinu 2007 og afföll að fjárhæð 940.116.306 krónur gjaldfærð í skattskilum stefnanda gjaldárin 2008 til 2012, sbr. skýringar í ársreikningi stefnanda fyrir rekstrarárið 2007. Við flutning málsins hinn 20. maí 2021 var upplýst að á þeim vörslureikningi sem seljandi átti að opna hjá Kaupthing Bank Luxembourg og standa átti til tryggingar á efndum skuldabréfanna samkvæmt ákvæðum kaupsamnings voru aldrei nein verðbréf enda átti stefnandi engin verðbréf. Þó var gerður sérstakur ítarlegur veðsamningur, „Pledge Agreement Over assets on a custody account“, vegna þessa í janúar 2005.

Við meðferð málsins hjá skattyfirvöldum lágu ekki fyrir skýrar upplýsingar um hver hefði verið raunverulegur kaupandi eða eigandi bréfanna. Ríkisskattstjóri óskaði eftir upplýsingum um eiganda þeirra frá stefnanda, en þær voru ekki veittar og því borið við að um viðskiptabréf væri að ræða sem gengið gætu kaupum og sölum án vitneskju skuldara. Sem fyrr er rakið var síðar upplýst að Banque Havilland færi með vörslu umræddra bréfa fyrir hönd viðskiptavina bankans, en vegna reglna um bankaleynd í Lúxemborg þyrfti bankinn leyfi viðskiptavina sinna fyrir veitingu frekari upplýsinga.

Dómurinn telur, eins og atvikum er hér háttað, að ekki verði fallist á að Kaupthing Bank Luxembourg S.A. hafi verið hinn raunverulegi kaupandi bréfanna heldur hafi hlutverk bankans verið einhvers konar milliganga í viðskiptunum við hinn raunverulega kaupanda þeirra. Hefur stefnandi þrátt fyrir ítrekuð tilmæli skattyfirvalda hvorki upplýst né lagt fram gögn sem varpa ljósi á það hver hafi verið raunverulegur kaupandi bréfanna.

Þar sem stefnandi hefur nú greitt upp öll skuldabréfin verður að ætla að hann hafi gengið úr skugga um að Eignarhaldsfélagið Mata ehf., sem á gjalddaga átti orðið öll skuldabréfin, hafi verið löglegur eigandi þeirra og að því til sönnunar væri óslitin framsalsröð frá útgáfu bréfanna. Stefnanda var því í lófa lagið að sanna hver var hinn raunverulegi kaupandi bréfanna í upphafi en kaus að gera það ekki. Er óhjákvæmilegt að stefnandi beri hallann af skorti á upplýsingum um þetta. Af þessum sökum verður að telja að hinar umdeildu ráðstafanir falli utan gildissviðs 2. töluliðar 1. mgr. 49. gr. 1. nr. 90/2003.

Ákvæði 1. mgr. 57. gr. laga nr. 90/2003, mælir fyrir um heimild skattyfirvalda til að horfa fram hjá gerningi eða ráðstöfun og framkvæma tiltekna leiðréttingu á skattframtali. Upphaf ákvæðisins má rekja til endurskoðunar á lögum um tekjuskatt og eignarskatt nr. 90/1965, með lögum nr. 30/1971. Er kjarni ákvæðisins samningar á milli einstaklinga eða félaga, sem tengdir eru sifjaréttarlega eða fjárhagslega og eru gerðir í sniðgönguskyni. Hefur reynt á ákvæðið í fjölda dóma Hæstaréttar Íslands og úrskurða skattyfirvalda. Verður ákvæðið ekki túlkað með öðrum hætti en þeim að það taki til skipta aðila í fjármálum í viðtækum skilningi. Meginskilyrðið fyrir beitingu 1. mgr. 57. gr. laga nr. 90/2003 er að skattyfirvöld sýni fram á að skattaðilar semji um skipti sín í fjármálum á þann hátt „sem er verulega frábrugðinn“ því sem almennt gerist í sambærilegum viðskiptum. Tengsl aðila skipta máli þegar þetta er metið en auk þess skipta rekstrarlegar forsendur máli þegar lögmæti ráðstöfunar er metið.

Eins og mál þetta liggur fyrir verður að fallast á það með yfirskattanefnd og ríkisskattstjóra að þegar hinar umdeildu ráðstafanir og viðskipti stefnanda með skuldabréfin eru metin heildstætt, þ.e. söluverð þeirra, ófullnægjandi upplýsingar um raunverulegan kaupanda skuldabréfanna og kröfuhafa þeirra, verulega skuldsetningu stefnanda til langs tíma og umgjörð þeirra og kjör að öðru leyti, verði ekki komist að annarri niðurstöðu en að þau hafi verið verulega frábrugðin því sem almennt gerist í

sambærilegum viðskiptum á milli ótengdra aðila. Þannig hafi ekki verið leitast við að hafa kjör skuldabréfanna sem hagstæðust fyrir félagið svo sem munur á kjörum þessara skuldabréfa og annarra skuldabréfaskulda félagsins við ótengda aðila ber glöggt vitni um. Skuldsetning stefnanda til svo langs tíma með útgáfu skuldabréfa til 15 ára að fjárhæð 1,6 milljarðar króna þar sem söluandvirði nam einungis 340 milljónum króna, vaxtalaus og án trygginga, að undanskilinni takmarkaðri ábyrgð eins stjórnarmanns, hafi verið með þeim hætti að ákvæði 1. mgr. 57. gr. laga nr. 90/2003 taki til ráðstafana stefnanda. Er því fallist á það með stefnda að tilgangur með umræddum ráðstöfunum hafi fyrst og fremst verið sá að skapa stefnanda svigrúm til gjaldfærslu fjármagnskostnaðar til frádráttar skattskyldum tekjum stefnanda.

Með vísan til alls þess er að framan greinir verður fallist á það með stefnda að ekki séu uppfyllt skilyrði til að draga hin meintu afföll frá skattskyldum tekjum, sbr. 1. tölulið 1. mgr. 31. gr. laga nr. 90/2003, sbr. einnig skilyrði 2. töluliðar 1. mgr. 49. gr. laga nr. 90/2003 og ákvæði 1. mgr. 57. gr. sömu laga. Af því leiðir að sýkna ber stefnda af aðalkröfu stefnanda. Þá er einnig hafnað öllum málsástæðum stefnanda um að úrskurðir skattfyrivalda fari í bága við meginreglur eignarréttar og 72. gr. stjórnarskrárinnar, mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994, eða að afstaða skattfyrivalda í máli stefnanda feli í sér hindrun eða takmörkun á frelsi til fjármagnsflutninga milli aðildarríkjanna, auk þess sem stefnandi hefur engin viðhlítandi rök fært fram fyrir þessum málsástæðum.

Í varakröfu stefnanda er krafist breytinga á úrskurðum ríkisskattstjóra og yfirskattanefndar á þann hátt að stefnanda verði heimil gjald- og skuldfærsla verðbóta vegna skuldabréfanna sem hann gaf út á árinu 2005 frá tekjuskatti vegna skattskila árána 2008-2012. Þá er til þrautavara krafist viðurkenningar á heimild stefnanda til gjald- og skuldfærslu verðbóta vegna sömu ára. Vísar stefnandi til sömu málsástæðna og lagaraka og fram koma um aðalkröfu. Hér að framan hefur dómurinn komist að þeirri niðurstöðu að ekki hafi verið grundvöllur fyrir kröfu stefnanda um gjaldfærslu affalla af umræddum skuldabréfum samkvæmt 1. mgr. 1. tölulið 31. gr. og 49. gr. laga nr. 90/2003 á þeim grundvelli að 1. mgr. 57. gr. laganna tæki til ráðstafana stefnanda. Með sömu rökum og þar koma fram verður ekki heldur fallist á það með stefnanda að hann eigi rétt á gjald- og skuldfærslu verðbóta vegna þessara sömu umdeildu ráðstafana. Ber því að sýkna stefnda af varakröfum stefnanda.

Eftir útslitum málsins, og með vísan til 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, ber stefnanda að greiða stefnda 1.000.000 króna í málskostnað. Við ákvörðun málskostnaðar er tekið tillit til þess að samhliða máli þessu voru flutt tvö önnur mál.

Stefán Geir Þórisson lögmaður flutti málið af hálfu stefnanda.

Ólafur Helgi Árnason lögmaður flutti málið af hálfu stefnda.

Ragnheiður Snorradóttir héraðsdómari kveður upp dóm þennan ásamt meðdómurunum Lárentsínusi Kristjánssyni héraðsdómara og Birki Leóssyni, löggiltum endurskoðanda.

Dómsorð:

Stefndi, íslenska ríkið, er sýknaður af öllum kröfum stefnanda, Brimgarða ehf., í máli þessu.

Stefnanda ber að greiða stefnda 1.000.000 króna í málskostnað.

Ragnheiður Snorradóttir (sign.)

Lárentsínus Kristjánsson (sign.)

Birkir Leósson (sign.)